

26.10.2010

Vinnuverndarvikan 2010

ÍSTAK

fær viðurkenningu fyrir viðhald á turni
Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti í Reykjavík

Rökstuðningur er eftirfarandi:

Verkefnið sem viðurkenningin er veitt fyrir var fólgið í að gera við Hallgrímskirkjuturn að utan, en fram höfðu komið umtalsverðar steypu-skemmdir á turninum. Hæð Hallgrímskirkjuturns er 74,5 m. Verkið var unnið árin 2008 og 2009. Verkið telst vera hættulegt m.t.t. öryggis starfsmanna ef ekki er rétt staðið að málum frá byrjun og undirbúningur og framkvæmd þess miðuð við það. Þar af leiðandi var val á búnaði og notkun persónuhlífa og fallvarna afar mikilvægur þáttur við framkvæmd verksins.

Reisa þurfti veglega vinnupalla upp í fulla hæð og voru trévinupallar byggðir ofan á hefðbundna palla utan um efsta hluta turnsins. Lyfta var sett upp í tengslum við vinnupallana fyrir starfsmenn og flutning á efni. Net var sett utan um vinnupalla m.a. til að skapa betri vinnuaðstæður.

Á undirbúningsstigi verksins var gerð öryggis- og heilbrigðis-áætlun, verkið áhættumetið, störf áhættugreind og útbúin öryggishandbók sem skipt var í 13 kafla, þar sem helstu gögn var að finna. Fyrsta áhættumat/öryggisgreining verkpátta laut að uppsetningu vinnupalla.

Áður en vinnan hófst var haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið var yfir öryggismál og viðbragðsáætlun. Fundað var með 1 1 2 neyðarlínu um björgun manna úr kirkjuturni og fjallað var sérstaklega um björgun ef t.d. lyfta bilaði. Öryggisnefnd var sett á laggirnar, kosinn öryggistrúnaðarmaður og tilnefndur öryggisvörður. Nefndin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði og vinnustaðurinn var skoðaður einu sinni í viku. Farið var yfir notkun hættulegustu tækja við múrbrot með starfs-mönnum. Hugað var sérstaklega að hreinlæti við múrbrot og hrunhættu.

Haldnir voru öryggisfundir með starfsmönnum eftir framvindu verksins. Þar sem Hallgrímskirkja var opin á meðan á verkinu stóð varð einnig að gera fullnægjandi ráðstafanir til að verja gesti fyrir hættum sem af verkinu gat stafað.

Áður en vinnupallar voru fjarlægðir var gerð öryggisgreining verkpátta og sérstaklega farið yfir niðurrif stálbita sem tréþallar hvíldu á. Þegar mest var störfuðu 34 menn við verkið, fyrst og fremst múrarar, húsasmiðir, járnsmenn og verkamenn, auk eftirlitsaðila.

Verfræðistofan Verkís yfirfór m.a. burðarþol vegna vinnupalla.

Miðað við hættulegar aðstæður tókst verkið vel og ekkert alvarlegt slys varð við verkið.

Rétt og skylt er að geta þess að verkkaupi við þetta verk var sóknarnefnd Hallgrímskirkju. Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins teiknaði kirkjuna, sem var vígð 26. október 1986, eða fyrir réttum 24 árum í dag. Þá voru liðin rúm 40 ár síðan fyrsta skóflustungan var tekin.

Fyrir hönd Ístaks taka við viðurkenningunni:

Kolbeinn Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Ístaks og
Tómas Tómasson yfirverkfræðingur og staðarstjóri